

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirða:

Blandaður úrgangur 240 l tunna	11.632 kr.
Blandaður úrgangur 660 l tunna	21.263 kr.
Blandaður úrgangur 1.000 l tunna	29.895 kr.
Pappír/plast 240 l tunna	6.879 kr.
Pappír/plast 660 l tunna	11.758 kr.
Pappír/plast 1.000 l tunna	15.637 kr.
Lífúrgangur 30 l tunna	8.624 kr.
Lífúrgangur 240 l tunna	26.742 kr.
Tæmingargjald (fast gjald)	13.000 kr.

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva:

Íbúðir og frístundahús	26.850 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur A	77.032 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur B	145.920 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur C	313.113 kr.

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr.	913 pr. stk.
Hross	kr.	458 pr. stk.
Sauðfé	kr.	168 pr. stk.
Hænur	kr.	26,8 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu

Nr. 1736

28. nóvember 2023

sveitarfélagi á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1730/2022.

Samþykkt á 124. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 28. nóvember 2023.

Þórunn Sif Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 22. febrúar 2024